Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
uar@uar.is

Sent inn í Samráðsgátt

Reykjavík, 1. október 2020

Efni: Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 („lögin“) sem birt var á samráðsgátt 17. september sl. („frumvarpið“). Samtökin hafa áður skilað umsögn um áform að breytingu á lögunum.

Þann 29. september sl. kynnti ríkisstjórnin átta nýjar aðgerðir sem ætlað er að stuðla að félagslegum og efnahagslegum stöðugleika í tengslum við Lífskjarasamninginn. Þar á meðal var kynnt að ráðast ætti í úrbætur á skipulags- og byggingarmálum. Ljóst er að þörfin er brýn og að mati samtakanna er gengið alltof skammt í því að auka skilvirkni skipulagsmála með frumvarpinu. Að því leyti lýsa samtökin yfir verulegum vonbrigðum með frumvarpið.

Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna við hið fyrirliggjandi frumvarp.

I. Starfræn gagna- og upplýsingagátt

Í 3. gr. frumvarpsins undir stafalið l. kemur fram heimild til að starfrækja stafræna gagna- og upplýsingagátt fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsáætlanir sbr. 4. mgr. 46. gr. laganna, sbr. einnig 19. gr. frumvarpsins. Samtökin fagna því að stjórnvöld hugi að aukinni rafrænni stjórnsýslu. Slíkt er löngu tímabært.

Samtökin telja þó að í rafrænni þjónustu liggi mun meiri tækifæri en lagasetningin tekur til og telja að færa ætti fleiri stjórnsýsluferla og opinbera þjónustu í rafrænar gáttir og tengja þær saman. Skipulagsgerð er í mörgum tilfellum gerð í samfloti við aðrar stjórnvaldsathafnir eins og mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar. Staðreyndin er að mikið er um tvíverknað og sömu aðilar koma aftur og aftur að sama málinu en þar sem um er að ræða nýja stofnun eða málsmeðferð er byrjað upp á nýtt. Með því að samþætta rafræna þjónustu og fleiri stjórnsýsluferla má bæta aðgengi að gögnum og rekjanleika og spara mikinn tíma og kostnað. Hafa samtökin bent á að ekkert er því til fyrirstöðu að ólíkar stofnanir vinni í gegnum sömu rafrænu gáttina og fleiri en einn lagabálkur sé þar undir. Dæmi um slíkt eru Samráðsgátt stjórnvalda og Skattur.is.

Samtökin hvetja til þess að fyrirhuguð lagaheimild verði opnari og geti falið í sér stafræna gagna- og upplýsingagátt sem nær til fleiri atriða en framkvæmdaleyfa og skipulagsáætlana. Þannig verði opnað fyrir hagræðingu og samræmingu við fleiri stjórnsýsluferla.

II. Gjaldtaka fyrir eftirlit með framkvæmdum við flutningskerfi raforku

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skipulagsfulltrúi muni annast eftirlit með framkvæmdum við flutningskerfi raforku og að kostnaður af eftirlitinu skuli greiddur af leyfishafa sem hluti framkvæmdaleyfisgjalds, sbr. 20. gr. laganna. Í 15. gr. frumvarpsins segir að sveitarstjórn og raflínunefnd sé heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdarleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Þá segir að raflínunefnd greiði fyrir vinnu skipulagsfulltrúa við eftirlit af innheimtu framkvæmdaleyfisgjaldi. Samtökin leggjast gegn aukinni gjaldheimtu við útgáfu framkvæmdaleyfis. Þá telja samtökin ruglingslegt að hafa gjaldheimtuákvæðin á víð og dreif og leggja til að síðasti málsliður 4. gr. verði sameinaður við 15. gr. frumvarpsins.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins er um 15. gr. vísað ranglega til 14. gr. frumvarpsins og í 5. línu ranglega vísað til 12. gr. frumvarpsins sem á líklegast að vera 4. gr. frumvarpsins.

III. Skipulag vegna flutningskerfis raforku

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um skipulag hvað varðar framkvæmdir vegna flutningskerfi raforku. Samtökin telja að samræming á öllu fyrirkomulagi sé til þess fallin að einfalda og stytta málsmeðferðartíma skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa af þessu tagi. Hins vegar telja samtökin það ljóst að þessi heimild ætti ekki að vera einskorðuð við framkvæmdir vegna flutningskerfis raforku heldur allar framkvæmdir þar sem þörf er á framkvæmdaleyfi eða skipulagsbreytingu frá fleiri en einu sveitarfélagi. Samtökin leggja þannig til að gengið verði lengra og ekki eingöngu horft til skipulags hvað varðar flutningskerfi raforku heldur einnig aðra innviðauppbyggingu í tengslum við vinnslu, dreifingu og flutning á raforku, s.s. dreifikerfi raforku og innviðaframkvæmdir er tengjast þessari starfsemi og gengur þvert á mörk sveitarfélaga.

IV. Styttri athugasemdafrestur í tilteknum skipulagsbreytingum

Samtökin lýsa yfir vonbrigðum með að ekki hafi verið gengið lengra í að stytta athugasemdafrest með það fyrir augum að flýta málsmeðferð. Telja samtökin að ganga hefði þurft mun lengra í ljósi þeirra tækniframfara sem hafa átt sér stað frá setningu laganna enda hafi almenningur nú mun betra og greiðara aðgengi að upplýsingum, t.d. með tilkomu internetsins. Það ætti öllum að vera ljóst að þetta umhverfi hefur breyst frá því að reglurnar um umrædda tímafresti voru settar fyrir meira en tuttugu árum síðan.

Samtökin ítreka því þá afstöðu sína að kynningar- og kæruferli skipulagsmála er heilt yfir alltof langt og umrædd breyting skv. 19. gr. frumvarpsins hefur í þeim efnum aðeins smávægilegt gildi ef nokkurt enda um valkvæða heimild til styttingar að ræða. Þá eiga umræddar tillögur um styttingu ekki aðeins að vera bundnar við skipulagsbreytingar sem varða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Gera þarf allt ferlið skilvirkara og styttra en samtökin vilja þó árétta að ef gera á raunverulegar breytingar til hins betra í þessum efnum þá þarf einnig að koma í veg fyrir að hægt sé að kæra framkvæmd eftir að uppbygging hefst.

Ganga þarf lengra

Samtökin ítreka að ganga þarf miklu lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir til að auka skilvirkni í skipulagsmálum. Finna þarf leiðir til að leyfisveitingar gangi betur fyrir sig, taki skemmri tíma

og tryggja samræmi í vinnubrögðum milli aðila sem koma að ferlinu. Hér þarf að ganga lengra til að einfalda lagaumhverfi og gera það skýrara frá upphafi til enda.

Skýrsla starfshóps um tillögur átakshóps í húsnæðismálum varðandi skipulagsmál kom út í júlí sl. Skýrslan var unnin sem framhald af vinnu átakshóps um húsnæðismál sem skilaði 40 tillögum til ríkisstjórnar um aðgerðir sem m.a. er ætlað að auka framboð hagkvæmra íbúða, lækka byggingarkostnað og stytta byggingartíma. Samtökin skiluðu umsögn til starfshópsins sem vann við gerð skýrslunnar og vísa þau, til viðbótar við ofangreint, til alls þess sem þar kemur fram.

Að lokum vilja samtökin koma því aftur á framfæri að niðurstöður vinnuhópsins, hvað varðar tillögur nr. 19 og 20, voru að mati samtakanna vonbrigði og ekki í samræmi við þær væntingar sem uppi voru í kjölfar skýrslu átakshóps um húsnæðismál. Hvetja samtökin því stjórnvöld til að ganga lengra í þessum efnum.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Klara Stefánsdóttir
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI

Lárus M.K. Ólafsson
viðskiptastjóri á framleiðslusviði